



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

630. stjórnarfundur þriðjudaginn 26. nóvember 2024 kl 17:00.

Mætt: Björg Hafsteinsdóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Garðar Már Newman, , Garðar Örn Arnarson, Stefán Guðjónsson og Birgir Már Bragason, framkvæmdastjóri.

Gestur fundarins:

Fjarverandi á fundi: Jónína Steinunn Helgadóttir, Eva Björk Sveinsdóttir

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

1. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá ÍSÍ þar sem félagið er beðið um að tilnefna íþróttældhuga ársins 2024
Tölvupóstur frá Árna Sigurgeirssyni sölu og innheimtustjóra STEF þar sem STEF er að tala um að fara að rukka íþróttafélögin um stef gjöld. Eru að tala um að fara að rukka eftir iðkendatölum félagana. Framkvæmdastjóra falið að skoða þetta nánar.

Tölvupóstur frá ÍSÍ dagur sjálfoðaliðans. Dagur sjálfoðaliðans er 5.desember nk. ÍSÍ er að bjóða öllum sjálfboðaliðum íþróttahreyfingunnar að koma til þeirra á þessum degi og halda upp á hann með sambandinu.

Tölvupóstur frá ÍRB vegna val á íþróttamanni Reykjanesbæjar sem verður haldinn um miðjan jan á næsta ári. Búið er að skipa nefnd sem mun sjá um skipulag hófsins.

2. Send bréf

engin

4 Önnur mál

A. Fundir með fimlekadeild og BUR karfa

Birgir og Guðbjörg sátu fundi með fimlekadeildinni og BUR körfu. Fóru þau yfir hugmyndir að nýjum verklagsreglum sem Aðalstjórn er að vinna að og stefna á að taka í gildi eftir aðalfundi deilda í byrjun næsta árs 2025. Deildirnar tóku vel í þessar breytingar. Einnig var rætt á fundinum hjá BUR um umgengni á leikjum og

B. Þorablót

Ákveðið að biða með að kaupa borðin sem framkvæmdastjóra var falið að kann með frá síðasta fundi. Þufum að gefa okkur meiri tíma til að tryggja að borðin yrðu komin á réttum tíma til landsins þar sem engin fyrirtæki erum með svona mörg borð á lager hjá sér.

C. Félagsheimili Keflavíkur

Búið að kaupa hillur í þær geymslur sem voru stækkaðar. Þær munu fara upp á næstunni

D. Formanna og framkvæmdastjóra fundur ÍSÍ

Framkvæmdastjórinn fór ásamt formanni ÍRB á formanna-og framkvæmdastjórafund ÍSÍ.

Þar var verið að fara yfir fjármálarástefnuna sem var haldin í síðustu viku og verið að kynna ýmis verkefni sem eru í gangi sbr afrekstefnuna og breytingar á lögum ofl

E. Íþróttamaður Keflavíkur

Aðalstjórn þarf að fara að senda út til deilda og ákveða með íþróttamann Keflavíkur.

Stefnt er að halda samsskonar hóf og var gert í fyrra. Sameiginlegt með ÍRB og njarðvík í janúar.

F. Framtíðasýn íþróttamannvirka RNB

Framkvæmdastjórinn sat fund með nefndinni sem er að vinna að framtíðar uppbyggingu

íþróttamannvirka hér í bæ. Á fundinum voru lagðar fram nýjar teikningar sem félagið

þarf að skoða og rína í með deildum félagsin. Mikil og góð umræða myndaðist og félagið spent fyrir komandi framtíð.

G. Jólakúlur Keflavíkur

Samþykkt að félagið muni kaupa 250 K-jólakúlur til að selja fyrir jólin

H. Jólablað Keflavíkur. . Eyþór og Steini eru að leggja lokahönd á jólablaðið. Steini er á

fullu að setja blaðið upp og Eyþór er búinn að vera að taka viðtöl við ýmsa Keflvíkingsa.

Stefnt er á að blaðið fari í prentun í byrjun næstu viku.

I. Bókhaldsmál.

Guðbjörg, fjármálastjóri er búin að vera að skoða bókhaldskerfi. Hún leggur fyrir

aðalstjórn kerfi frá DK og Advania (buisness central). Aðalstjórn felur Garðari, gjaldkera

að klára þetta mál með fjármálastjóranum

J. Styrktarsamningur vegna barna með alþjóðlega vernd.

Jóhann Friðrik Friðriksson, alþingismaður kom því í geng í þinginu að ríkið gerir

styrktarsamning við félagið vegna barna með alþjóðlega vernd. Þessi samningur kemur

sér mjög vel fyrir félagið og kunnum við honum miklar þakkir fyrir

Fundi lokið kl. 18:30

Næsti fundur verður þriðjudaginn 10. des 2024

Fundinn ritaði Birgir Már Bragason